

Nd.

330. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 320 [Kosningar til Alþingis].

Flm.: Hannes Jónsson, Pétur Ottesen, Jón Sigurðsson.

Við tölul. 13. Aðra efnismálsgr. skal orða svo:

Hafi þingflokkur notað sér heimild 30. gr. til ihlutunar um röð frambjóðenda á landslista, skal á sama hátt og áður segir nema af skrá flokksins alla þá, sem ekki koma til greina við úthlutun uppþótarsæta. Þeir, sem þá eru eftir á skránni, skipast í þriðja hvert sæti landslistans í þeirri röð, sem þeir nú eru, þannig að efsti frambjóðandi á skránni verður þriðji á landslistanum, annar frambjóðandi hinn sjötti o. s. frv., hafi hann eigi áður hlotið sæti á honum samkvæmt reglum 1. málsgr. þessarar gr. Að öðru leyti skipast sæti landslistans samkvæmt reglum 1. málsgr. Ef þingflokkur hefir ekki haft landslista í kjöri, en á þó tilkall til uppþótarsæta, skal landskjörstjórn gera þeim flokki uppþótarsætalista, er sé skipaður öllum frambjóðendum flokksins í kjördæmum, þó ekki fleiri frambjóðendum fyrir neitt kjördæmi en þar átti að kjósa þingmenn og varaþingmenn (í Reykjavík). Hafi fleiri verið í kjöri af hálfu þess flokks í kjördæmi en þar átti að kjósa þingmenn, tekur sá eða þeir frambjóðenda sæti á uppþótarsætalanum, sem hefir hæsta eða hærri atkvæðatölu í kjördæminu. Því næst nemur landskjörstjórn þá frambjóðendur af listanum, sem hafa náð kosningu í kjördæmi, og skipar þeim, sem þá eru eftir, í röð á listanum samkv. reglum 1. málsgr. þessarar gr. Ef frambjóðendur hafa jöfn atkvæði við niðurskipun á lista eða til uppþótarsætis, ræður hlutkesti milli þeirra eftir reglum 119. gr.